

nefndan samning, sem lagður hefir verið fram í málinu í staðfestu eftirriti, ber að taka þær til greina.

Málkostnaðar hefir ekki verið krafizt.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, Ingimundur Hjálmarsson, er skyldur til þess, meðan framangreindur samningur er í gildi, að láta verkakonur, sem eru gildir meðlimir í verkakvinnafélaginu Brynju, hafa forgangsrétt til allrar almennrar verkakvinnavinnu, þegar þess er krafizt og meðlimir Brynju bjóðast, er séu fullkomlega hæfir til þeirrar vinnu, sem um er að ræða.

Þriðjudaginn 21. maí 1940.

Nr. 26/1939 Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Þorkels Ingibergssonar

gegn

Sveinafélagi múrara í Reykjavík.

Ágreiningur út af því, hvort stofnast hafi vinnusamningur milli málsaðilja. Múrarameistari ekki talinn hafa skuldbundið sig til þess að vinna ekki sjálfur með sveinum sínum. Stéttarfélag dæmt í skaðabætur fyrir að hafa stuðlað að og stutt óréttmætt verkfall múrarasveina. Sýknað af kröfu um sektir fyrir samningsrof.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 15. september f. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Þorkels Ingibergssonar, múrarameistara, Bjarkargötu 8 hér í bæ, gegn Sveinafélagi múrara hér í bæ.

Málavextir eru þessir:

Hinn 30. júní 1938 gerðu múrarameistarar og Sveinafélag múrara í Reykjavík með sér vinnusamning, og gekk samningur þessi úr gildi 15. júlí s. l. samkvæmt uppsögn frá Sveinafélaginu. Eftir að uppsögn hafði farið fram, en áður en samningstíminn væri útrunninn, reyndu aðiljar að semja um framlenging samningsins. Það gekk ekki saman með

þeim og slitnaði upp úr samningsumleitunum 8. júlí s. l. Hinn 16. júlí, eða daginn eftir að fyrrgreindur samningur rann út, birtí Sveinafélag múrara auglýsingu í blöðum bæjarins, þar sem það tilkynnir, að með því að samningar þess við múrarameistara séu útrunnir, geti meðlimir þess (sveinafélagsins) ráðið sig til múraravinnu hjá hverjum þeim, sem skuldbindi sig til þess að verða við þeim lágmarkskröfum, sem svo eru nánar tilgreindar í auglýsingunni. Samkvæmt þessari auglýsingu fóru svo múrarameistarar í skrifstofu sveinasambandsins 18. og 19. júlí s. l. og undirrituðu þar, hver fyrir sig, skuldbindingarskjal samkvæmt nefndri auglýsingu, en þó mun ýtarlegra. Skjal þetta undirritaði stefnandi máls þessa, Þorkell Ingibergsson, 18. júlí s. l., en formaður sveinafélagsins gaf því svo hljóðandi áritun: „Mótttekið samhljóða frumrit. Guðjón Benediktsson.“ Höfst nú vinna við múrarastörfin aftur. En er múrarameistarar fóru að vinna sjálfir með sveinunum við þau hús, er þeir höfðu í smíðum, neitaði sveinafélagið, að þeir hefðu rétt til þess og taldi, að samkvæmt þeim skuldbindingum, er múrarameistarar hefðu undirgengizt, væri þeim óheimilt að vinna sjálfum við hús, er þeir hefðu í smíðum, og ekki væri þeim heldur heimilt að vinna með nemendum í múraraiðninni, sem ekki væru í sveinafélaginu. Kom ágreiningur þessi fyrir sátta-semjara ríkisins og fór fram sáttatilaun um þessi atriði 20. júlí s. l., en hún bar ekki neinn árangur. Múrarameistarar hafa ekki viljað una þessum úrslitum og hafa 16 þeirra höfðað mál hér fyrir dómi til þess að fá úr ágreiningi þessum skorið, og jafnframt haft uppi skaðabótakröfur á hendur sveinafélaginu.

Í máli þessu, sem múrarameistari Þorkell Ingibergsson hefir höfðað, svo sem að framan greinir, gerir hann eftirfarandi dómkröfur:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að framangreindur samningur hans við stefnda, dags. 18. júlí s. l., fullnægi ákvæðum 6. gr. laga nr. 80/1938, og fari um hann eftir ákvæðum nefndrar greinar.
2. Að viðurkennt verði, að hann hafi ekki á nokkurn hátt skuldbundið sig til þess að vinna ekki sjálfur að múraraiðninni með sveinunum, og hafi sveinafélagið því ekki haft, né hafi, rétt til þess, að láta sveinana leggja niður vinnu, þó meistarinn vinni með þeim.

3. Að stefnt félag verði dæmt til þess að greiða honum skaðabætur, að upphæð kr. 25.00 hvern dag, frá og með 19. júlí 1939 að telja, sem sveinafélagið heldur uppi banni gegn því, að sveinarnir vinni með honum.
 4. Að stefnt félag verði dæmt til þess að greiða sekt fyrir að hafa rofið ofangreindan samning, dags. 18. júlí f. á. Þá krefst hann og málskostnaðar samkvæmt mati dómsins. Stefndi hefir gert þær kröfur, að hann verði algerlega sýknaður og honum dæmdur málskostnaður.
- Koma þá til athugunar kröfur stefnanda.

Um 1. Stefnandi telur, að með skjali því, er hann undirritaði 18. júlí s. l., hafi stofnast vinnusamningur milli hans og stefnda, er fullnægi ákvæðum 6. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélag og vinnudeilur, og fari um samning þennan eftir ákvæðum nefndrar greinar, um samningstíma og uppsagnarfrest. Þessu hefir stefndi mótmælt. Telur hann, að til þess að svo yrði litið á, hefði hann þurft að undirrita skjal þetta sem aðili. Þetta hafi hann ekki gert, heldur aðeins ritað á það yfirlýsingu um, að hann hefði móttekið samrit þess, enda sé skjalið eftir innihaldi sínu aðeins einhliða skuldbinding af hálfu stefnanda, og sé því ekki um skriflegan samning að ræða, samkvæmt 6. gr. nefndra laga. Eins og áður greinir, heimilaði sveinafélagið meðlimum sínum, með auglýsingunni 16. júlí s. l., að vinna hjá þeim, er undirgengjust þær skuldbindingar, sem upp voru taldar í henni. Samkvæmt auglýsingunni fór svo stefnandi á skrifstofu sveinafélagsins og undirritaði þar framangreint skjal, sem fyrir hann var lagt af sveinafélaginu og samið af því. Er það töluvert ýtarlegra en auglýsingin og innihald og form þess svipað því, sem hér tíðkast um vinnusamninga milli stéttarfélaga og atvinnurekenda. Þá stendur og í því, að „*hvor aðili*“ haldi sínu eintaki, en það er gert í tveimur frumritum. Þá hefir og formaður sveinafélagsins ritað á skjalið, að hann hafi móttekið samhljóða frumrit. Verður að telja, með tilvisun til þess, er nú hefir verið rakið, að stofnast hafi milli aðilja máls þessa vinnusamningur, er fullnægi ákvæðum 6. gr. laga nr. 80/1938, og fari um hann eftir ákvæðum nefndrar greinar, að svo miklu leyti sem aðiljar verða ekki ásáttir um annað. Ber því að taka þennan kröfufilið stefnanda til greina.

Um 2. Samkvæmt fyrsta lið framangreinds samnings frá 18. júlí s. l. skuldbindur stefnandi sig til þess „að taka ekki

aðra en meðlimi Sveinafélags múrara í vinnu til þeirra verka, sem tilgreind eru í verðskrá félagsins, eða annarra þeirra, sem viðurkennt hefir verið að heyri undir múraraiðnina.“ Telur stefnandi, að í þessu ákvæði felist ekki nein skuldbinding af sinni hálfu til þess, að vinna ekki sjálfur að múraraiðninni við þau verk, er hann sjálfur lætur framkvæma. Stefndi heldur hinsvegar fram gagnstæðri skoðun. Með því að framangreindur 1. liður getur ekki talizt fela í sér þá takmörkun á rétti stefnanda til að vinna sjálfur, sem stefndi heldur fram, og aðrir liðir sammingsins frá 18. júlí fela ekki í sér slíka takmörkun, ber að taka þennan kröfulið stefnanda til greina.

Um 3. Skaðabótakröfu sína byggir stefnandi á því, að sveinarnir hafi með því að leggja niður vinnu, er (hann) meistarinn ynni með þeim, gerzt sekir um sammingsrof, og hafi hann beðið tjón af þessari ákvörðun sveinanna. Hafi stjórn sveinafélagsins átt þann þátt í þessum aðgerðum sveinanna, að því beri að bæta stefnanda það tjón, sem hann hafi af þessu hlotið. Stefndi hefir eindregið mótmælt því, að hann hafi á nokkurn hátt orðið skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda fyrir afskipti sín af þessum málum.

Meðan sammingsumleitani þær, er áður getur, fóru fram, hafði sveinafélagið gert þær kröfur til meistaranna, að þeir skuldbindi sig til þess að vinna ekki sjálfir að iðninni. Þessari kröfu höfðu meistararnir hafnað. Þegar þeir svo undirskrifuðu hver fyrir sig samningana við sveinafélagið 18. og 19. júlí f. á., var þessari kröfu ekki hreyft, en aðeins tekin upp skuldbinding um að taka ekki aðra en meðlimi sveinafélagsins til ákveðinna verka, eins og að framan greinir. Meistararnir máttu því líta svo á, að krafa um, að þeir ynnu ekki sjálfir, væri úr sögunni meðan samningar þeir giltu, er þeir undirrituðu 18. og 19. júlí f. á. Nú verður að telja, að vinnuveitenda- og verklyðsfélagi, sem gert hafa kjarasamning sín á milli, sé óheimilt á samningstímabilinu að beita verkfalli eða verkbanni til þess að knýja fram kröfur, sem telja verður að til lykta hafi verið leiddar með samningnum. Sveinafélaginu var því, eins og hér stóð á, óheimilt að setja það skilyrði fyrir vinnu meðlima sinna hjá meisturunum, að þeir ynnu ekki sjálfir að iðninni, og átti á hættu að verða bótaskyld gagnvart þeim, er það beitti slíku skilyrði þannig, að það yrði þeim til tjóns.

Hinn 6. júlí f. á. var á fundi í Sveinafélagi múrara gerð samþykkt þess efnis, að félagsmönnum væri óheimilt að vinna þar, sem utanfélagsmaður ynni, að þeim verkum, sem tilgreind eru á verðlista félagsins, og sendi stjórn félagsins þessa samþykkt til félagsmanna með bréfi, dags. 15. júlí f. á., og var þá jafnframt tilkynnt, að samþykkt þessi kæmi til framkvæmda þegar í stað eftir 15. júlí f. á. Þegar svo meistararnir ætluðu sjálfir að fara að vinna, er vinna hófst, eftir að þeir höfðu gert samninga við sveinafélagið 18. og 19. júlí, báru sveinarnir fyrir sig þessa samþykkt, er þeir neituðu að vinna með meisturunum. Ekki verður séð, að stjórn sveinafélagsins hafi tilkynnt meðlimum félagsins innihald samninga þeirra, er meistararnir gerðu við félagið, eins og henni var þó skylt.

Í máli þessu hafa verið lagðar fram vitnaleiðslur þær, er fram fóru í málum þeim, sem rekin hafa verið samhliða þessu máli hér fyrir dómi milli múrarameistaranna og sveinafélagsins, en samkvæmt þeim hafa, að því er stefnandi telur, a. m. k. 15 sveinar og 1 nemandi lagt niður vinnu eða hót að leggja niður vinnu af framangreindum orsökum. Upplýst má telja, að stjórn sveinafélagsins hafi vitað um öll þau tilfelli, er sveinarnir lögðu niður vinnu, án þess að gera nokkrar ráðstafanir því til hindrunar, og allar líkur benda til þess, að hún hafi yfirleitt verið með i ráðum þar um.

Koma þá til athugunar afskipti sveinanna og sveinafélagsins af stefnanda þessa máls.

Hann undirritar, sem fyrr segir, samning sinn við sveinafélagið 18. júlí og byrjar samdægurs vinnu sjálfur ásamt múrarasveininum Jóni Jónssyni. En síðdegis sama dag koma þeir formaður sveinafélagsins og tveir aðrir úr stjórninni þangað, sem stefnandi og Jón voru að vinna. Eiga þeir tal við Jón og skýra honum frá, að því er þeir sjálfir hafa hermt, að framangreind samþykkt, sem sveinunum var tilkynnt 15. júlí, sé enn í gildi gagnvart stefnanda. Lagði Jón þá þegar niður vinnu og hóf hana ekki aftur fyrr en næsta dag, er honum hafði horizt vitneskja um það, að stefnandi mundi ekki vinna sjálfur. Stefnandi átti síðan þetta sama kvöld símtal við einn úr stjórn sveinafélagsins á skrifstofu þess, og eftir að hann hafði lofað því, að vinna ekki sjálfur, að svo stöddu, til þess að eiga ekki á hættu að vinnan stöðvaðist hjá honum, lofaði nefndur stjórnarmeðlim-

ur, að vinna skyldi hefjast aftur næsta dag, og varð svo. Samkvæmt framansögðu verður að telja, að vinnan hafi í þetta sinn stöðvast hjá stefnanda fyrir beina íhlutun stjórnar sveinafélagsins.

Hinn 13. okt. f. á. var í félagsdómi kveðinn upp dómur í máli því, er múrarameistari Jón Eiríksson hafði höfðað gegn Sveinafélagi múrara. Voru dómkröfur þess máls samhljóða þeim, er hér eru gerðar, og gekk dómur í því máli um tvær fyrstu dómkröfurnar, og urðu úrslit þau sömu og greint er hér að framan, þannig, að réttur meistaranna til þess að mega vinna sjálfir, var viðurkenndur. Urðu umboðsmenn málsaðilja síðan ásáttir um það að úrslit þess máls skyldi vera bindandi fyrir hin málin, þar sem dómkröfurnar voru samhljóða.

Eftir að framannefndur dómur hafði verið kveðinn upp, mátti stjórn múrarasveinafélagsins vera það ljóst, að henni bar sem slíkri að tilkynna félagsmönnum, að réttur meistaranna til að vinna sjálfir hefði verið viðurkenndur með honum, og væri sveinafélaginu því óheimilt að binda vinnu þeirra því skilyrði, að meistararnir ynnu ekki sjálfir. Þetta virðist stjórnin þó ekki hafa gert. Hinsvegar er nú á fundi í sveinafélaginu 23. okt. f. á. samþykkt svohljóðandi tillaga með samhljóða atkvæðum:

„Til þess að koma í veg fyrir misskilning, skal öllum félagsmönnum send á ný samþykkt félagsins frá 8. (svo) júlí, er bannar meðlimum þess að vinna með utanfélagsmönnum að múrvinnu“.

Samþykkt þessi var síðan send félagsmönnum, ásamt fyrrgreindri samþykkt frá 6. júlí, og er tekið fram í bréfi stjórnar sveinafélagsins, er hún sendir samþykktir þessar, að þetta sé gert vegna þess, að ýmsir hafi haldið því fram, að samþykktin frá 6. júlí hefði verið felld úr gildi með dómi félagsdóms frá 13. okt. og áður er getið.

Með þessari samþykkt sker sveinafélagið og stjórn þess hreint upp úr með það, að það ætlar sér að virða að vettugi framangreindan dóm frá 13. okt., og verður ekki litið á þessar aðgerðir þess öðruvísi en sem áskorun til einstakra félagsmanna um það, að halda áfram hinum óréttmætu vinnustöðvunum, ef meistararnir fari að vinna.

Daginn eftir, að kvöldi hins 24. okt., tilkynna tveir sveinar, sem unnu þennan dag hjá stefnanda, að þar sem

hann sé nú farinn að vinna sjálfur, þá verði þeir að leggja niður vinnu hjá honum, og hefir annar þeirra skýrt svo frá, að hann hafi gert þetta eftir að formaður sveinafélagsins hafi tjáð honum, að samþykktin frá 6. júlí væri enn í fullu gildi. Tók stefnandi enn þann kostinn að hætta vinnu til þess að fá múrararveinana í vinnu.

Með tilvísun til þess, sem að framan er greint, verður að fallast á þá staðhæfingu stefnanda, að stefndi hafi með framangreindum aðgerðum sínum orðið sannur að sök um það, að styðja sveinana og jafnvel hvetja til þess að setja framangreint skilyrði fyrir vinnu sinni hjá stefnanda. Og með því að slíkur stuðningur af hálfu sveinafélagsins var óréttmætur, ber að leggja á það ábyrgð á því tjóni, sem stefnandi kann að hafa beðið af þessum sökum. Kemur þá til atbugunar upphæð þeirrar skaðabótakröfu, er stefnandi hefir gert í máli þessu. Í málf lutningnum hefir hann takmarkað bótakröfu sína við tímabilið frá 19. júlí f. á. til 31. des. s. á. Telst honum til, að á tímabili þessu séu 130 virkir vinnudagar, og hefði hann því getað á þessu tímabili unnið sér inn kr. 3250.00, miðað við 25 kr. dagkaup, og sé það kaup múrarameistara og hafi verið svo síðan 1934. Vegna aðgerða sveinanna kveðst hann nú á greindu tímabili ekki hafa getað unnið sér inn með vinnu sinni nema kr. 1429.00, og sé því tap hans af þeim ástæðum kr. 1821.00. Stefndi hefir mótmælt þessari upphæð sem allt of hárrí.

Það er upplýst í máli þessu, að stefnandi hafði, í félagi við föður sinn, tvö hús í smíðum. Var annað þeirra byggt fyrir eigin reikning þeirra, en hitt tóku þeir í ákvæðisvinnu. Þá hefir því ekki verið mótmælt, að stefnandi hafi undanfarið unnið sjálfur að múraravinnu. Upplýst er, að í framangreindum kr. 1429.00 eru ekki meðtaldar greiðslur, sem hann kann að hafa unnið sér inn á greindu tímabili fyrir fyrirkomulagsáætlanir. Ætla má, að nokkuð af tíma stefnanda hafi farið í eftirlit með húsunum og innkaup til þeirra. Hinsvegar verður að telja nægilega sterkar líkur fram komnar fyrir því, að stefnandi hafi beðið tjón af framangreindum aðgerðum sveinafélagsins, og þykir hæfilegt að dæma það til þess að greiða honum kr. 1000.00 í skaðabætur.

Um 4. Stefndi hefir haft uppi þá kröfu, að stefndi verði dæmdur í sekt fyrir samningsrof. En með því að í framangreindum samningi eru engin ákvæði um slíkar sektir, og

ekki þykir felast í lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, nægileg heimild til að dæma í sektir fyrir brot á vinnusamningum, verður krafa þessi ekki tekin til greina.

Samkvæmt framangreindum málsúrslitum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 300.00 í málskostnað.

Þvi dæmist rétt vera:

1. Framangreindur samningur milli aðilja máls þessa, dags. 18. júlí 1939, fullnægir skilyrðum 6. gr. laga nr. 80/1938, um vinnusamninga, og gilda um hann ákvæði nefndrar greinar.
2. Stefnanda, Þorkeli Ingibergssyni, er heimilt að vinna sjálfum við verk þau, er falla undir 1. lið framan- greinds samnings.
3. Stefndi á að vera sýkn af sektakröfu stefnanda í máli þessu.
4. Stefndi, Sveinafélag múrara í Reykjavík, greiði stefnanda, Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Þorkels Ingibergssonar, kr. 1000.00 og kr. 300.00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 4. júní 1940.

Nr. 11/1939. Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Ásmundar Vilhjálmssonar
 gegn
 Sveinafélagi múrara.

Ágreiningur um það, hvort stofnast hafi vinnusamningur og um rétt meistara til þess að vinna með sveinum sínum.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 15. september f. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Ásmundar Vilhjálmssonar, múrarameistara, Seljaveg 5 hér í bæ, gegn Sveinafélagi múrara hér í bæ.

Málavextir eru þessir: